

Orkustofnun  
Skúli Thoroddsen  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík



Reykjavík 11. mars 2016  
UST201602-286/B.S.  
10.05.08

### Efni: Umsókn. Rannsóknarleyfi – Glámuvirkjun. Umsögn


Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 24. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.


Hér er um að ræða rannsóknir á svæði sem nær til vatna með tilheyrandi aðrennslissvæði í Kjálkafirði, Vattarfirði og Ísafirði. Á fyrrihluta rannsóknartímans mun áhersla verða lögð á vatnamælingar og landmælingar. Fram kemur í umsókn Orkubús Vestfjarða að ekki er reiknað með slóðagerð vegna umræddra rannsókna heldur verði aðkoma að hálendisléttunni um slóðir sem þegar eru til staðar.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að gerð sé grein fyrir hvaða aðkomuleið umsækjandi hyggst nota til að komast að viðkomandi rannsóknarsvæði. Slíkar upplýsingar draga verulega úr óvissu um umhverfisáhrif fyrirhugaðra rannsókna og gera jafnframt umsagnir markvissari. Umhverfisstofnun telur að Orkustofnun ætti að kanna að óska ítarlegra upplýsinga um aðkomuleiðir þegar sótt er um rannsóknarleyfi.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við rannsóknaráætlun á fyrrihluta rannsóknartímans.

Virðingarfyllt

  
Björn Steinarsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri